

Landeldi hf.
Urðarhvarf 8B,
203 Kópavogur

Reykjavík, 6.9.2023
UST202301-443/G.S.O.
08.12.02

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 15. ágúst 2023 þar sem fram kom að frávik hefðu verið skráð í eftirliti í Landeldi ehf. (First Water) í Öxnalæk þann 6. júní 2023. Þann 5. september sl. barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

Eitt frávik er enn opið:

- 1. Gr. 2.4 í starfsleyfi.** Efnalosun í frárennsli á fosfór (P) og köfnunarefni (N) árið 2022 mældust 8,88 kg P/framleitt tonn og 124,34 kg N/framleitt tonn. Viðmiðin eru hins vegar 7 kg P/framleitt tonn af fosfór og 60 kg N/framleitt tonn af köfnunarefni. Aukning umfram heimild af fosfór er því 25% og af köfnunarefni, 107%. **Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila hefur rekstraraðili haft samband við Sýni ehf. og óskað eftir ráðgjöf varðandi mælingar á efnalosun frárennslis. Markmið mælinganna er að skapa mynd af losun frá stöðinni og mun Sýni ehf. annast efnagreiningar á þeim vatnssýnum sem verða tekin. Einnig er rekstraraðili að leita ráðgjafar um hvort og hvernig sé hægt að auka virkni á tromlusíun á frárennslisvatni stöðvarinnar. Samkvæmt úrbótaáætluninni verður uppfærð úrbótaáætlun send til Umhverfisstofnunar til staðfestingar þegar nokkrar sýnatökur hafa farið fram og verið greindar. Áætlað er að búið verði að framkvæma nokkrar mælingar áður en næsta mæling samkvæmt starfsleyfi á að fara fram árið 2024.**

Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Halla Margrét Viðarsdóttir
sérfræðingur

Gunnhildur Sif Oddsdóttir
lögfræðingur